

Ed.

59. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 34. 16. nóv. 1907, um skipun læknishjaraða o. fl.

Flutningsmaður: Halldór Steinsson.

1. gr.

Hnappadalssýsla og syðsti hluti Snæfellsnessýslu skal vera eitt læknishjer-

að og heita Hnappdælahjerað. Hjerað þetta nær yfir Kolbeinsstaðahrepp, Eyjahrepp, Miklaholtshrepp og Staðarsveit. Læknissetur skal vera í Miklaholtshreppi.

2. gr.

Þá er Hnappdælahjerað verður lækni skipað, skal sú breyting ger á Borgarneshjeraði, að það taki ekki lengra vestur en að Hitará, á Stykkishólms-hjeraði, að Miklaholtshreppur sje undanskilinn, og á Ólafsvikurhjeraði, að Staðarsveit sje undanskilin.

Greinargerð.

Frá því að læknaskipunarlögin frá 16. nóv. 1907 öðluðust gildi hefir verið megn óánægja í Hnappadalssýslu yfir þeim erfiðleikum að nálgast lækni, sem hjeraðsbúar þar eiga við að búa, og frumvarp sama efnis og þetta hefir verið flutt þing eftir þing samkvæmt einróma áskorun Hnappdæla.

Þótt ekki verði beinlínis sagt, að ókleift sje að nálgast lækni fyrir þá hreppa, sem hjer ræðir um, þá eru miklir erfiðleikar á því, sjerstaklega á vetrum, þar sem sækja verður yfir erfiða fjallvegi, hvort heldur leitað er til Stykkishólms eða Ólafsvikur.

Íbúatala í því hjeraði, sem hjer er farið fram á að mynda, verður hærri en í mörgum hjeruðum, sem nú eru læknum skipuð, svo að þess vegna er ekki ólíklegt, að læknir fengist til að setjast þar að, enda útlit fyrir, að engin lækna-ekla verði hjer á landi í nánustu framtíð. Hins vegar eru þær tekjur, sem Borgarnes-, Stykkishólms- og Ólafsvikur-læknarnir hafa af þessu svæði, ekki svo miklar, að þær samsvari þeim erfiðleikum, sem þeir hafa af því að gegna þessum útjōðrum hjeraða sinna.

Að öðru leyti munu færðar frekari ástæður fyrir frumvarpi þessu við um-ræður um málið.